RITHÖFUNDASAMBAND ÍSLANDS

Gunnarshúsi, Dyngjuvegi 8, 104 Reykjavík
Sími: 568 3190 ● Fax: 568 3192 ● rsi@rsi.is ● www.rsi.is

*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 143/1545*
*komudagur 8.4.2014*

Reykjavík 8. apríl 2014

**Umsögn um þingsályktunartillögur, mál 340 og 344.**

Stjórn Rithöfundasambands Íslands hvetur eindregið til þess að þingsályktunartillaga um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu, 340. mál, verði ekki samþykkt, enda væri það á skjön við loforð þeirra stjórnmálaflokka sem nú mynda ríkisstjórn landsins. Nauðsynlegt er að þegnarnir geti treyst því að staðið sé við eindregin loforð í svo stóru máli.

Telur stjórnin eðlilegast að gengið verði til þjóðaratkvæðagreiðslu í samræmi við þingsályktun þess efnis, mál 344, og verði niðurstöðum þeirrar tillögu framfylgt.

F.h. stjórnar RSÍ
Kristín Steinsdóttir formaður